

SPÍTALA PÚLSINN

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

21. janúar 2004



Aðgerðir til samdráttar í rekstri Landspítala - háskólasjúkrahúss

Magnús Pétursson forstjóri

Landspítali - háskólasjúkrahús skilaði greinilegum árangri á fyrsta ári heildstæðs rekstrar eftir umbrot sameiningar. Biðlistar eftir þjónustu hafa styst í öllum veigamiklum sérgreinum, skilningur er vaxandi á hlutverki spítalans við menntun heilbrigðisstarfsfólks framtíðarinnar, þekking og greining á kostnaði starfseminnar eflist með degi hverjum og almenningur kann vel að meta það starf og fagmennsku sem veitt er. Hvað sem þessu líður, býr spítalinn nú við nokkra óvissu um framtíð sína þar sem Alþingi hefur ákveðið að veita minni fjármunum til spítalans en stjórnendur hans telja þurfa til þess að hann geti haldið áfram að veita þá þjónustu sem almenningur væntir og hefur gengið út frá sem visri.

Framlag ríkissjóðs til reksturs spítalans er samkvæmt fjárlögum um 24,8 milljarðar króna. Þetta er há upphæð sem skiptir verulegu máli í umfjöllun um opinber fjármál í landinu. Um nokkurt skeið hefur legið fyrir að til þess að halda áfram öflugum rekstri spítalans, eins og hann var á sl. ári, þarf um 1,4 milljarða króna að auki. Alþingi afgreiddi fjárlög 2004 þannig að ekki koma til frekari fjárveitingar en fyrirheit hafa verið gefin um að spítalanum sé heimilt að dreifa samdrættinum á tvö ár, þ.e. 2004 og 2005.

Á það hefur verið bent af stjórnámálamönnum og starfsfólki spítalans að ráðlegt hefði verið að biða niðurstöðu og tillagna háttsettra nefnda sem nú fjalla um stöðu og framtíð sjúkrahússins.

Nefnd undir stjórn Jónínu Bjartmarz alþingismanns er ætlað að skilgreina hlutverk stóru sjúkrahúsanna tveggja, LSH og FSA. Samstaða ríkir um það að þessi tvö sjúkrahús njóta sérstöðu í heilbrigðisþjónustunni. Nefndinni er ætlað að skila niðurstöðu með vorinu. Annarri nefnd hefur verið falið að hafa tilsjón með rekstri spítalans. Þessi nefnd skoðaði rekstur spítalans í aðdraganda afgreiðslu Alþingis á fjárlögum og er því öllum hnútum kunnug. Kostnaðargreiningu á helstu þjónustuþáttum í starfi spítalans er nánast lokið.

Rökrétt sýnist að áður en tekin verður ákvörðun um frekari samdrátt í þjónustu spítalans gefist ráðrúm til að samræma niðurstöður þeirra nefnda sem nú starfa og taka afstöðu til fjármögnunar spítalans, sem brýnt er að breyta.

Framhald á næstu síðu...

1. Þjónusta við sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Umfjöllun um áhrif þeirra aðgerða sem nú er unnið að í spítalanum hefur verið misvísandi. Stjórnendur spítalans hafa kappkostað að áhrif samdráttar í starfsmannahaldi og tilkostnaði komi sem minnst niður á sjúklingum. Það er ekki nýlunda, því á undanförunum árum hefur verið dregið úr starfsmannafjölda, fyrst og fremst vegna sameiningar sjúkrahúsanna, um sem nemur 250 ársverkum án þess að sjúklingar hafi gagngert orðið fyrir áhrifum af því.

Lengur verður ekki komist hjá því að sjúklingar verði áþreifanlega varir við skerta þjónustu. Aðgengi að spítalanum mun verða lakara en áður en eitt aðalsmerki spítalans hefur verið að sjúklingar hafa ávallt átt greiða leið að læknum og hjúkrunarfræðingum. Þá hefur ekki farið framhjá þeim sem reynt hafa að á spítalanum hefur verið kappkostað að hlú sem best að sjúklingum og aðstandendum þeirra þegar mikið liggur við af félagsráðgjöfum, prestum og fleiri fagstéttum. Í þetta verður minna lagt.

Viðfangsefni sem eru betur komin hjá öðrum en spítalanum, s.s. félags- og öldrunarþjónustu ríkis og sveitarfélaga, ber að færa þangað. Það er í þágu sjúklinga. LSH telur því að stjórnvöld þurfi að gefa því meiri gaum að uppbygging þjónustu við aldraða og fleiri hópa sjúklinga. Slíkt bætir í senn stöðu þeirra sem í hlut eiga og er hagkvæmara en nú gerist. Nú þarf að finna 120-140 einstaklingum lausn sinna mála utan sjúkrahússins.

Framvegis sem hingað til verður kappkostað að fylgja því sjónarmiði að frumskylda spítalans er að sinna bráðveikum, standa vörð um þá þjónustu sem hvergi er veitt annars staðar, bjóða sjúklingum upp á að fá úrlausn mála á dag- og göngudeildum og sinna kennslu og vísindastarfi. Þetta eru verkefni sjúkrahúsa sem kenna vilja sig við háskóla.

2. Samþjöppun á starfsemi spítalans en umhyggja fyrir sjúklingum.

Á undanförunum árum hafa viðfangsefni LSH vaxið vegna þess að stjórnvöld hafa ákveðið slíkt, nýrra meðferðarmöguleika og vaxandi krafna almennings. Rekstur spítalans er á 19 stöðum, vítt og breitt á höfuðborgarsvæðinu. Markvisst hefur verið unnið að því að breyta þessu þannig að stöðunum fækki og má nefna að spítalinn hefur lagt af rekstur á Vífilstöðum, í Gunnarsholti og víðar. Áfram verður haldið á þessari braut og dregið enn frekar úr starfsemi endurhæfingar í Kópavogi og vímuefna meðferð á Flókagötu er til skoðunar.

Eitt allra viðkvæmasta mál þeirra aðgerða sem nú er unnið að, eru breytingar á starfsemi í Arnarholti. Þeir einstaklingar sem þar dvelja eiga ekki jafn ötula talsmenn og ýmsir aðrir sem á þjónustu spítalans þurfa að halda. Því er það ríkari skylda spítalans en ella að sjá til þess að framtíð einstaklinga sé ekki teft í tvísýnu þó svo breytingar verði á högum þeirra. Því hefur verið ákveðið að fjalla sérstaklega um málefni Arnarholts m.a. með því að taka upp viðræður við félagsmála- og heilbrigðisyrfrvöld til að greina hvar núverandi vistmenn væru best komnir í ljósi breytinga. Loks þarf að hafa í huga að þar sem starfsemi hefur ekki verið lögð niður teljast þeir 40 starfsmenn sem í Arnarholti starfa ekki með í þeirri fækkun starfsmanna sem nú stendur yfir.

3. Fækkun starfsfólks og auknar kröfur um afköst.

Laun og starfsmannatengdur kostnaður telur fast að 70% útgjalda spítalans og lyf og hjúkrunarvörur um 16%. Það segir sig því sjálft að án aðgerða á þessum sviðum verður hvergi sparað sem heitið getur í rekstri sjúkrahússins. Óhjákvæmilega hafa því stjórnendur þess ákveðið að draga úr þessum kostnaðarliðum.

Á launaskrá spítalans voru 1. janúar 2004 alls 4.622 starfsmenn sem jafngildir 3.791 stöðugildi. Auk fastra launa telst kostnaður við vaktir, yfirvinnu og frítökuréttur vegna ónógrar hvíldar til launakostnaðar spítalans. Alls námu launaútgjöld árið 2003 18.200 m.kr. með launatengdum gjöldum.

Ákveðið er að draga úr launakostnaði með fækkun starfsmanna og öðrum aðgerðum. Þær aðgerðir svara til þess að jafngildi unninna ársverka fækki um 200, eins og kynnt hefur verið opinberlega. Þessar aðgerðir eru þungbærar, bæði vegna hagsmuna þeirra starfsmanna sem í hlut eiga og einnig hins að þjónustan við sjúklinga og almenning skerðist óhjákvæmilega þessu samfara.

Undanfarna daga hafa verið haldnir fundir með samtökum launafólks. Af þeirra hálfu er skilningur á þeim aðstæðum sem spítalanum eru búnar og að grípa verður til svo óvenjulegra aðgerða. Stjórnendur spítalans hafa leitast við að fækkun starfsfólks verði þannig úr garði gerð að tillitssemi og réttlætis sé gætt eftir föngum. Breytingar með niðurfellingu vakta og samdrætti í yfirvinnu hafa áhrif á um 550 starfsmenn en með mismunandi hætti. Eiginlegar uppsagnir teljast 52, starfslok án uppsagnar taka til 143 ársverka. Réttur starfsmanna til biðlauna og launa á uppsagnartíma er æði misjafn. Spítalinn hefur lagt sig fram um að tryggja að réttur starfsmanna sé ljós og greiða götu þeirra sem verða fyrir því að missa starf.

Full fjárhagsáhrif starfsmannabreytinganna munu ekki koma fram fyrr en að 12 mánuðum liðnum vegna biðlaunaréttar nokkurs hóps og mismunandi réttar þeirra á uppsagnartímanum. Áætlað er að áhrif fækkunar á stöðugildum nemi um 700-800 m.kr. á heilu ári.

Samdráttur í starfsmannahaldi kemur fram í allri starfsemi spítalans, hjá vel flestum starfstéttum og gætir með vaxandi áhrifum á þjónustu eftir því sem liður á árið. Sem dæmi má nefna fækkun ársverka lækna um 21, hjúkrunarfræðinga um 23, meinataekna 6, SFR um 46, félagsráðgjafa 5 og sálfræðinga 6, svo nokkuð sé nefnt.

4. Gagnkvæmdar skyldur LSH og H.Í. við kennslu og vísindi eru óumdeildar.

Góð samvinna er milli Háskóla Íslands og LSH um sameiginleg mál. Nú eru rúmlega 100 starfsmenn spítalans jafnframt í stöðum við H.Í. og mikill fjöldi starfsmanna vinnur að kennslu einnig. Í kjölfar samninga sem spítalinn og háskólinn gerðu á árunum 2001 og 2002 hefur skilningur á samskiptum aðila farið vaxandi. Óumdeilt er að spítalinn verður fyrir útgjöldum vegna þeirrar skyldu að veita nemendum aðstöðu til að öðlast starfsreynslu og stunda nám. Meðal annars starfrækir spítalinn bókasafn sem þjónar, auk

starfsmanna spítalans, öllum heilbrigðisindagreinum H.Í. en kostnaðarþátttaka háskólans í þessum rekstri er enn sem komið er óveruleg. Með svipuðum hætti er óumdeilt að spítalinn leggur umtalsvert fé til stuðnings rannsókna og vísinda sem er hans skylda að hlúa að.

Á tímum mikils aðhalds í rekstri og starfsemi spítalans - og raunar háskólans einnig - er óumflýjanlegt að þessi starfsemi verði fyrir nokkrum samdrætti eins og öll önnur. Því var farið fram á það við stjórnendur á spítalanum og forstöðumenn fræðsviða læknadeildar H.Í. að þeir finndu leiðir til þess að hagræða um 50 m.kr., þ.e. 20 m.kr. í kennslu og 30 m.kr. í rannsóknarstarfi.

5. Lyf og hjúkrunarvörur taka mikið til sín.

Á liðnum árum hefur oft gengið illa að skýra sívaxandi útgjöld til kaupa á lyfjum og hjúkrunarvörum. Á sl. ári hækkaði kostnaður þessa málafokks um rúmlega 11%. Allnokkur opinber umfjöllun varð um lyfjaverð, lyfjainnkaup og notkun lyfja á LSH á sl. ári. Þar sýndist sitt hverjum, lyfjabirgjum, stjórnvöldum og stjórnendum spítalans. Verðsamanburður hér á landi og í nágrennslöndum hefur ekki verið okkur í hag og má þar að nokkru marki kenna um séríslenskum reglum um merkingar og öryggisstaðla. Um árabíl hefur spítalinn tekið í notkun ný lyf, væri talið að þau skiluðu betri árangri en hin eldri. Á sl. ári voru kröfur um sannanlegt notagildi nýrra lyfja auknar áður en þau yrðu tekin til notkunar. Þótt hér sé sérstaklega vikið að lyfjum þá gegnir ekki ósvipuðu máli um kaup á hvers konar hjúkrunarvörum. Þær eru misjafnar að verði og gæðum.

Stjórnendur spítalans hafa ákveðið að leita allra leiða til þess að hagræða í innkaupum lyfja og hjúkrunarvara. Verður þetta gert bæði með stórhertu eftirliti með notkun þessara vara og innkaup verða samræmd betur, m.a. með sameiginlegri innkaupanevnd hjúkrunarvara og gerð lyfjalista fyrir spítalann þar sem tryggt er að notuð séu ódýrustu lyf hverrar tegundar. Mælst hefur verið til þess að heilbrigðis- og samkeppnisyfirvöld gangi markvisst fram í því að skýra markaðsaðstæður hér á landi og vinna að heimild fyrir sjúkrahúsið til að flytja lyf og vörur inn erlendis frá milliliðalaust, sé það hagkvæmara.

6. Stjórnkerfi og yfirstjórn spítalans.

Af og til hefur komið fram það álit að stjórnsýsla spítalans sé umfangsmikil og ekki nægjanlega skilvirk, svo sem í nýlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar og hjá ýmsum starfsmönnum spítalans. Þetta þarf skilyrðislaust að taka til skoðunar og meta hvað megi betur fara. Rétt er að hafa í huga að núverandi skipulag var ákveðið 2000 og hefur ekki verið breytt stórlega á þeim fjórum árum. Hvað sem öðru liður hefur það hvílt á herðum fimm framkvæmdastjóra og hóps sviðsstjóra að sameina sjúkrahúsin. Ég held að ágætlega hafi tekist til og þrátt fyrir miklar breytingar á störfum og aðstöðu starfsfólks og

stjórnenda hefur sameiningin orðið án þess að sjúklingar hafi fundið mikið fyrir því, enda þess gætt eftir föngum.

Fyrir septemberlok á þessu ári rennur út fyrsta fjögurra ára tímabil sviðsstjóra sem voru á sínum tíma valdir úr röðum starfsmanna. Framkvæmdastjórar eru aftur á móti ráðnir til fimm ára. Það er álit sumra, innan sem utan spítalans, að tvískipting stjórnar klínískra sviða, þ.e. milli lækna og hjúkrunarfræðinga, sé ekki alls kostar heppileg. Einnig hefur komið fram að það kunni að vera óheppilegt að sami maður gegni sviðsstjórarstarfi á spítalanum og ábyrgðarstöðum í deildum háskólans, s.s. prófessorsstöðum eða forstöðu veigamikilla fræðigreina. Þessi atriði verða vegin þegar velja þarf nýja sviðsstjóra til þess að gegna þessum krefjandi störfum næstu fjögur árin. Sú vinna hefst á vormánuðum. Þá verður jafnframt skoðunarmál hvort sviðum verður fækkað. Um leið fækkar sviðsstjórum en það hefur verið gagnrýnt hve margir stjórnendur eru á LSH. Það má geta þess að hver sviðsstjóri er yfirmaður að meðaltali ríflega 100 manna en nærri 600 starfsmenn eru á fjölmennasta sviðinu.

7. Fjármál.

Í opinberri umræðu undanfarna daga hefur komið skýrt fram að stjórnvöld telja að fjárframlög til spítalans séu nægjanleg og hafi verið það undanfarin ár. Þessu til staðfestingar er nefnt að inn í fjárlagagrunn spítalans hafi verið bætt 500 m.kr. árið 2004. Ákvarðanir sem þessar hafa óþarflega mikið yfirbragð handahófs fremur en þekkingar á þeim aðstæðum sem spítalinn býr við. Þá hefur því verið haldið á lofti að fjárframlög til spítalans hafi aukist um 6.000 m.kr. milli árana 2001 og 2003. Hafa verður í huga að þessi hækkan útgjalda kemur að lang mestu leyti fram í launum og lyfjakostnaði spítalans. Því fer viðsjarri að umrædd kostnaðaraukning stafi af slökum rekstri spítalans. Megin skýringin á hækkan launaútgjalda er vegna miðlægra kjarasamninga og ekkert bendir til þess að spítalinn hafi tapað launaþróun sinna starfsmanna frá sér.

Einnig verður að nefna að verðlagsforsendur fjárlaga, að því er tekur til lyfja og hjúkrunarvara, eiga ekki við og hafa ekki gert lengi. Hin svokölluðu S-merktu lyf voru flutt frá Tryggingastofnun árið 2001 og í umsjá spítalans. Það var talið eðlilegt í ljósi þess að þessum lyfjum er ávísað út úr spítalanum. Hins vegar hefur gengið erfiðlega að ná samstöðu um verðuppfærslu þessa liðar og um takmörkun í notkun þeirra. Því hafa útgjöld iðulega farið umfram það sem fjárlög hafa ætlað. Nú á árinu 2004 leggur spítalinn a.m.k. 300 m.kr. í lyf og hjúkrunarvörur umfram það sem forsendur fjárlaga kveða á um. Af sjálfu leiðir að minna verður til annarra þátta útgjalda.

Reykjavík 21. janúar 2004
Magnús Pétursson forstjóri

Frá bókasafns- og upplýsingamiðstöð

Viltu sækja námskeið?

Viltu fræðslu fyrir deildina þína?

Viltu einstaklingskennslu?

Fylgstu með úrvali námskeiða og kynninga á upplýsingavef bókasafns og í Námskrá LSH

Fækkun starfsmanna

Stéttarfélag	Svið	Tegund aðgerðar	Fjöldi	Starfshlutfall
Efning stéttarfélag	STE-Rekstrareining	Starfslok án uppsagnar	25,00	25,00
	Öldrunarsvið	Starfslok án uppsagnar	6,00	4,80
Efning samtals:			31,00	29,80
Félag ísl. hjúkrunarfræðinga	Yfirstjórn	Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00	
		Starfslok án uppsagnar	3,00	1,83
		Uppsögn	2,00	1,50
	T - Innkaupa- og vörustjórnunarsvið- Barnasvið	Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00	
		Breyting á vinnufyrirkomulagi	51,00	
		Starfslok án uppsagnar	14,00	5,50
	Geðsvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	0,20
		Uppsögn yfirvinnu	8,00	0,01
	Lyflækningasvið 1	Breytingar á vöktum	16,00	
		Starfslok án uppsagnar	7,00	5,80
	Svæfinga,gjörgæslu og skurðstofusvið	Starfslok án uppsagnar	5,00	3,80
	Myndgreiningarsvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
		Uppsögn	1,00	0,40
	Slysa og bráðasvið	Breytingar á vöktum	15,00	
	Öldrunarsvið	Starfslok án uppsagnar	4,00	2,60
	Endurhæfingarsvið	Breytingar á vöktum	1,00	
	Blóðbanki	Breyting á vinnufyrirkomulagi	16,00	
Félag ísl. hjúkrunarfr. samtals:			147,00	22,64
Félag bókasafnsfræðinga	Myndgreiningarsvið	Breytingar á vöktum	2,00	
Félag bókasafnsfræðinga samtals:				2,00
Félag geislafræðinga	Myndgreiningarsvið	Lækkun starfshlutfalls	1,00	0,20
		Starfslok án uppsagnar	1,00	0,80
		Uppsögn	1,00	0,80
		Uppsögn yfirvinnu	14,00	
Félag geislafræðinga samtals:			17,00	1,80
Félag ísl. náttúrufræðinga	SKVP	Uppsögn	1,00	1,00
	Kvennasvið	Breytingar á vöktum	1,00	
	Rannsóknarstofnun	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
Félag ísl. náttúrufræðinga samtals:			3,00	2,00
Iðjupjálfafélag Íslands	Endurhæfingarsvið	Fæðingarorlof	1,00	
		Starfslok án uppsagnar	3,00	1,75
Iðjupjálfafélag Íslands samtals:			4,00	1,75
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	Fjármálasvið	Uppsögn	1,00	1,00
	T - Innkaupa- og vörustjórnunarsvið- SFU-Reikningshaldssvið	Uppsögn	1,00	1,00
		Starfslok án uppsagnar	2,00	1,75
		Uppsögn yfirvinnu	1,00	
	Endurhæfingarsvið	Lækkun starfshlutfalls	1,00	
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga samtals:			6,00	3,75
Ljósmeðrafélag Íslands	Kvennasvið	Breytingar á vöktum	9,00	
Ljósmeðrafélag Íslands samtals:				9,00
Lyfjafræðingafélagið	Lyfjasvið	Uppsögn	2,00	2,00
Lyfjafræðingafélagið samtals:			2,00	2,00
Læknafélag Íslands	Heilbr.tæknisvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
	Barnasvið	Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00	
		Lækkun starfshlutfalls	2,00	0,30
		Starfslok án uppsagnar	2,00	1,35
	Kvennasvið	Uppsögn	1,00	1,00
	Geðsvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	0,12
	Lyflækningasvið 1	Breyting á vinnufyrirkomulagi	5,00	1,55
		Breytingar á vöktum	27,00	
		Starfslok án uppsagnar	5,00	4,05

eftir stéttarfélagum

Stéttarfélag	Svið	Tegund aðgerðar	Fjöldi	Starfshlutfall	
Læknafélag Íslands framhald	Lyflækningasvið 1	Uppsögn	3,00	0,45	
	Lyflækningasvið 2	Breytingar á vöktum	1,00		
		Lækkun starfshlutfalls	1,00	0,60	
	Skurðlækningasvið	Breytingar á vöktum	13,00		
		Starfslok án uppsagnar	5,00	4,30	
		Uppsögn yfirvinnu	3,00		
	Svæfinga-,gjörgæslu- og skurðstofusvið	Starfslok án uppsagnar	2,00	2,00	
	Myndgreiningarsvið	Breytingar á vöktum	1,00		
		Lækkun starfshlutfalls	4,00	0,90	
	Slysa og bráðasvið	Breytingar á vöktum	15,00		
		Uppsögn	1,00	0,20	
	Rannsóknarstofnun	Breyting á vinnufyrirkomulagi	3,00	0,25	
		Starfslok án uppsagnar	2,00	0,45	
	(blank)	1,00			
	RÍM	Lækkun starfshlutfalls	6,00	1,20	
		Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00	
Læknafélag Íslands samtals:			107,00	20,72	
Meinataeknafélag	Kvennasvið	Breytingar á vöktum	2,00		
	Lyflækningasvið 1	Starfslok án uppsagnar	1,00	0,80	
	Myndgreiningarsvið	Breytingar á vöktum	4,00		
	Rannsóknarstofnun	Breyting á vinnufyrirkomulagi	3,00	0,40	
		Starfslok án uppsagnar	3,00	3,00	
		RÍM	Lækkun starfshlutfalls	1,00	0,70
			Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
	Ótilgr.svið	Starfslok án uppsagnar	1,00	0,35	
Meinataeknafélag samtals:			16,00	6,25	
Rafiðnaðarsambandið	Byggingarsvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00	
Rafiðnaðarsambandið samtals:			1,00	1,00	
SFR	Yfirstjórn	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00	
	T - Innkaupa- og vörustjórnarsvið-	Breyting á vinnufyrirkomulagi	3,00		
	SFU-Reikningshaldssvið	Starfslok án uppsagnar	8,00	6,43	
	Byggingarsvið	Starfslok án uppsagnar	4,00	4,00	
		Uppsögn	1,00	1,00	
	STE-Rekstrarein	Uppsögn	3,00	0,99	
		Uppsögn yfirvinnu	2,00		
	Kennslu og fræðasvið	Uppsögn	1,00	1,00	
	SKVÞ	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00	
	Bókasafn /Upplýsingar	Uppsögn	2,00	1,50	
	Geðsvið	Starfslok án uppsagnar	3,00	3,00	
	Lyflækningasvið 1	Starfslok án uppsagnar	6,00	3,55	
		Uppsögn	2,00	1,50	
		Uppsögn yfirvinnu	2,00		
	Lyflækningasvið 2	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00	
	Skurðlækningasvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00	
	Svæfinga,gjörgæslu og skurðstofusvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00	
	Myndgreiningarsvið	Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00		
		Breytingar á vöktum	4,00		
		Starfslok án uppsagnar	2,00	2,00	
		Uppsögn yfirvinnu	8,00		
	Slysa og bráðasvið	Starfslok án uppsagnar	2,00	2,00	
		Uppsögn	1,00	1,00	
	Lyfjasvið	Uppsögn	1,00	1,00	
	Endurhæfingarsvið	Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00		
		Starfslok án uppsagnar	2,00	1,90	
		Uppsögn	6,00	5,30	
Rannsóknarstofnun	Starfslok án uppsagnar	1,00	0,80		
Blóðbanki	Breyting á vinnufyrirkomulagi	4,00			
RÍM	Starfslok án uppsagnar	3,00	2,50		
	Ótilgr.svið	Uppsögn	1,00	1,00	
SFR samtals:			79,00	45,47	

Stéttarfélag	Svið	Tegund aðgerðar	Fjöldi	Starfshlutfall
Sjúkraliðafélag Íslands	T - Innkaupa- og vörustjórnunarsvið- Barnasvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
		Breyting á vinnufyrirkomulagi	14,00	
	Lyflækningasvið 1 Lyflækningasvið 2 Svæfinga, gjörgæslu og skurðstofusvið Öldrunarsvið	Starfslok án uppsagnar	5,00	1,80
		Uppsögn	9,00	6,40
		Starfslok án uppsagnar	4,00	1,80
		Starfslok án uppsagnar	1,00	0,80
		Starfslok án uppsagnar	1,00	0,50
Starfslok án uppsagnar	3,00	2,20		
Sjúkraliðafélag Íslands samtals:		38,00	14,50	
Stéttarfr. bókasafns- og upplýsingafr.	Bókasafn /Upplýsingar	Lækkun starfshlutfalls	3,00	0,70
Stéttarfr. bókasafns- og upplýsingafr. samtals:			3,00	0,70
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	SFU-Reikningshaldssvið Byggingarsvið	Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
		Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
	Uppl.tæknisvið Lyfjasvið Öldrunarsvið	Uppsögn	1,00	1,00
		Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
		Starfslok án uppsagnar	1,00	0,80
		Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar samtals:		6,00	5,80	
Starfsmannafél. Rvík. háskólam.	Endurhæfingarsvið	Breytingar á vöktum	2,00	
		Fæðingarorlof	1,00	
		Starfslok án uppsagnar	1,00	0,80
Starfsmannafél. Rvík. háskólam. samtals:		4,00	0,80	
Stéttarfélag sjúkrapjálfa	Endurhæfingarsvið	Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00	
		Fæðingarorlof	2,00	
		Starfslok án uppsagnar	4,00	2,55
		Uppsögn	2,00	2,00
Stéttarfélag sjúkrapjálfa samtals:		9,00	4,55	
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	Geðsvið Slysa og bráðasvið Endurhæfingarsvið	Starfslok án uppsagnar	2,00	2,00
		Breyting á vinnufyrirkomulagi	7,00	
		Lækkun starfshlutfalls	2,00	0,80
		Uppsögn	3,00	2,30
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa samtals:		14,00	5,10	
Stéttarfélag sálfræðinga	Yfirstjórn Geðsvið	Uppsögn	1,00	1,00
		Lækkun starfshlutfalls	3,00	0,90
	Slysa og bráðasvið Endurhæfingarsvið	Starfslok án uppsagnar	3,00	3,00
		Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00	
		Lækkun starfshlutfalls	4,00	1,10
Stéttarfélag sálfræðinga samtals:		12,00	6,00	
Stéttarfélag verkfræðinga	STE-Rekstrarein Myndgreiningarsvið	Uppsögn yfirvinnu	1,00	
		Breytingar á vöktum	1,00	
Stéttarfélag verkfræðinga samtals:		2,00		
Tæknifræðingafélag Íslands	T - Innkaupa- og vörustjórnunarsvið- Heilbr.tæknisvið	Breyting á vinnufyrirkomulagi	1,00	
				1,00
Tæknifræðingafélag Íslands samtals:		1,00	1,00	
Útgarður	Yfirstjórn Bókasafn /Upplýsingar Geðsvið Endurhæfingarsvið	Uppsögn	1,00	1,00
		Uppsögn	1,00	1,00
		Starfslok án uppsagnar	1,00	1,00
		Breytingar á vöktum	5,00	
		Lækkun starfshlutfalls	1,00	0,25
		Uppsögn	2,00	1,50
Útgarður samtals:		11,00	4,75	
Þroskajálfafeðlag Íslands Þroskajálfafeðlag Íslands samtals:	Endurhæfingarsvið	Lækkun starfshlutfalls	1,00 1,00	

Yfirlit um breytta þjónustu og skipulag vegna samdráttaraðgerða á LSH

Slysa- og bráðasvið

Bráðamóttaka fyrir sjúklinga er rekin á 5 stöðum á LSH. Ákveðið hefur verið að bráðamóttaka á Hringbraut verði lokuð um helgar en árið 2003 komu að meðaltali 26 sjúklingar hvorn dag um helgar og u.þ.b. 50-60% þeirra fóru heim að lokinni lækni skoðun. Þjónustan flyst á slysa- og bráðadeild í Fossvogi. Þið eftir þjónustu þar lengist að öllum líkindum. Breytingin veldur augljóslega því að sjúklingaflutningum milli húsa fjölgar. Aukningu á starfsemi gæsludeildar í Fossvogi verður mætt með fleiri rúmum um helgar. Húsnæði slysa- og bráðadeildar er þröngt og þarfnast endurnýjunar. Yfirstjórn neyðarmóttöku vegna nauðgana verður áfram á slysa- og bráðadeild í Fossvogi. Gerðar verða breytingar á bakvöktum félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga og lækna. Þessar breytingar skerða þjónustu neyðarmóttökunar óverulega þegar á heildina er lítið en spara 5-7 m.kr. árlega.

Lyflækningasvið

Bráðastarfsemi er þungamiðjan í lyflækningum en u.þ.b. 80% af sjúklingum þess koma brátt. Yfirlagnir á deildum eru daglegt brauð. Þrátt fyrir þetta er lyflækningasviði gert að lækka rekstrarkostnað um 200 m.kr. og draga saman starfsemi sem hefur í för með sér skerðingu á þjónustu við sjúklinga. Sumarlokanir deilda verða lengri en áður, t.d. á húðdeild, svo og dagdeild en hún sinnir sjúklingum sem koma til sjúkdómsgreiningar, m.a. í hjarta-þræðingu. Biðlistar eftir hjartaþræðingum kunna því að lengjast. Á sviðinu eru að jafnaði 20-30 sjúklingar sem lokið hafa meðferð, þeim kann enn að fjölga. Hvað lyflækningasviði II varðar, en það sinnir einungis krabbameinslækningum, er miðað við að starfsemi haldist lítt breytt. Hins vegar er þar sívaxandi þörf fyrir þjónustu með fjölgun krabbameinstíllfella.

Endurhæfingarsvið

Á Grensá, miðstöð endurhæfingar á LSH, verður endurhæfingarstarfi þjappað saman þar með endurskipulagi húsnæðis. Starfsemi endurhæfingarsviðs í Kópavogi verður lögð af, að undanskilinni endurhæfingu fyrir krabbameinssjúklinga sem reynt verður að koma fyrir á Grensá.

Barnasvið

Dregið verður úr rekstrarkostnaði barnasviðs um 80 milljónir króna, m.a. með lokun sérstakrar barnaeyingar í Fossvogi og fækkun starfsmanna á Hringbraut. Einni legudeild hefur verið breytt í dagdeild. Áfram verður haldið opinni bráðamóttöku fyrir sjúk börn allan sólarhringinn við Hringbraut.

Skurðlækningasvið

Áformað er að halda rekstri með svipuðum hætti og s.l. ár, þrátt fyrir það er sviðinu gert að lækka kostnað um tæplega 100 milljónir. Ársverkum hjá læknum verður fækkað, legutími stytur enn frekar og legurýmum fækkað. Vöktum hjúkrunarfræðinga og lækna verður breytt m.t.t. fækkunar.

Geðsvið

Þjónusta geðsviðs skerðist lítið sem ekkert, helst er viðkemur starfsþjálfun sjúklinga. Rekstur Arnarholts verður til sérstakrar skoðunar og haft samráð

við félagsmálayfirvöld vegna þeirra skjólstæðinga LSH sem biða eftir búsetu-úrræðum. Fyrirhugað er að flytja áfengis- og vímuefna meðferð sem nú er við Flókagötu í geðdeildarhúsi við Hringbraut og meðferðin verði veitt á dag- og göngudeild.

Klínískar stoðstéttir

Í hópi klínískra stoðstétta fækkar alls um 39 þegar aðgerðir eru að fullu komnar til framkvæmda. Þetta á til dæmis við iðjubjálfa, félagsráðgjafa, presta, sálfræðinga, sjúkrapjálfa o.fl. Þessar stéttir veita mikilvæga þjónustu á klínískum sviðum spítalans sem sjúklingar og aðstandendur þeirra verða áþreifanlega varir við.

Vöktum breytt

Enn frekari fækkun vakta hinna ýmsu starfshópa og deilda dregur úr öryggi þjónustunnar. Fyrir getur komið að ekki verður í öllum tilfellum hægt að ná í mjög sérhæfða þjónustu í bráðatilfellum. Vaktlinum er fækkað talsvert og hefur þeim þegar verið fækkað um ríflega 20 vegna sameiningar sjúkrahúsanna.

Lyfjamál

Lagt verður kapp á að draga úr notkun S-merktra lyfja (lyf sem er eingöngu notuð á sjúkrahúsum) og gerð rík krafa um að notagildi nýrra lyfja hafi verið sannreynt með rannsóknum og að fyrir liggi klínískar leiðbeiningar um notkun þeirra. Vænast er aðgerða af hálfu hins opinbera til rýmkunar á reglum sem leitt geta til lækunar lyfjaverðs. Unnið er að gerð lyfjalista sem takmarka valmöguleika við ódýrustu lyf hverrar tegundar. Skipulagi lyfjasviðs verður breytt til einföldunar.

Fulltrúi sjúklinga

Fulltrúi sjúklinga hættir störfum. Samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar var á síðastliðnu ári ráðinn fulltrúi sjúklinga með það hlutverk að veita sjúklingum og aðstandendum þeirra stuðning, koma málefnum þeirra á framfæri og beina umkvörtunum þeirra í réttan farveg til úrlausnar. Þetta var tilraunaverkefni til 6 mánaða sem hefur gefist vel en er af fjárhagsástæðum ekki lengur grundvöllur fyrir.

Innkaup

Aðhald í innkaupum á lækninga- og hjúkrunarvörum verður aukið enn frekar en verið hefur. Stífari skorður verða settar við val á vörum og meiri áhersla verður lögð á verð. Sérstök innkaupnefnd hefur umsjón með þessum þætti. Með þessu er ætlað að spara að lágmarki 100 m.kr.

Kennsla og vísindastarf

Á LSH fá um 600 nemendur heilbrigðisstétta kennslu og þjálfun árlega. Dregið verður saman í þessari starfsemi. Samdráttur í klínískri kennslu læknanema svarar til þriggja ársverka lækna og í vísindastarfi til um sjö ársverka. Alls er miðað við að útgjöld lækki vegna þessa um 50 m.kr.

Framhald á baksíðu

Yfirlit um breytta þjónustu og skipulag framhald af síðu 7

Söfn og útgáfumál

Niðurskurður á bókasafns- og upplýsingaþjónustu veldur samdrætti hvað varðar aðgengi að gagnaböndum og afgreiðslutíma. Útgáfustarfsemi gagnasmiðju dregst saman.

Fjárreiður

Tvö svið verða sameinuð á skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga og lögð niður ein staða sviðsstjóra og ein staða deildarstjóra. Þá eru lagðar niður tvær deildir og þar með tvær deildarstjórastöður. Með því minnkar stjórnunarkostnaður á skrifstofunni. Þar að auki er stöðum almennra viðskiptafræðinga og skrifstofufólks fækkað. Við þessar breytingar verður verkefnum sem til skrifstofunnar berast forgangsraðað. Þjónusta við svið spítalans, og aðila utan hans, minnkar í kjölfarið og bið eftir rekstrarniðurstöðum lengist.

Ræstingar

Áformað er að minnka umfang ræstinga um 10% sem eru um 20-25 stöðugildi. Ræstingar eru að hluta eða 23% hjá verktökum og 77% hjá starfsmönnum spítalans. Sparnaðurinn kemur fram jafnt á báðum liðum. Verið er að útfæra þennan sparnað en það er vandasamt verk m.a. í ljósi vaxandi svo kallaðra spítalasykinga. Ræstingar á spítalanum byggja á sænskum staðli og verður leitað fyrirmynda hjá nágrennaþjóðunum varðandi ræstingatiðni og aðferðir til að ná fram sparnaði.

Byggingar og viðhald eigna

Starfsmönnum byggingarsviðs fækkar um 7 sem að stofni til er gert með því að ráða ekki í stöður sem losna við starfslok. Áhrif af þessari fækkun koma fram í minna viðhaldi bygginga og tækjabúnaðar.

Skertur afgreiðslutími

Gera má ráð fyrir því að afgreiðslu- og þjónustutími sums staðar í spítalanum skerðist. Til dæmis er upplýsingaborð í anddyri í Fossvogi ekki lengur opið um helgar og á kvöldin.

Stjórnsýsla og klínísk þjónusta

Núverandi samdráttaraðgerðir fela í sér að ársverkem verður fækkað um 180, þ.a. koma rúmlega 75 í hlut yfirstjórnar og skrifstofu fjárreiðna og upplýsinga, tækni og eigna og kennslu, vísinda og þróunar. Það eru 7,5%. Um 105 ársverka fækkun kemur fram hjá klínisku þjónustunni eða 3,8%.

Heildaraðgerðirnar hafa aftur á móti áhrif á um 550 starfsmenn, með uppsögnum, starfslokum án uppsagnar, minni vöktum og skertri yfirvinnu. Um 80 úr þeirra hópi tilheyra stjórnsýslu en 470 klíniskri þjónustu enda vaktavinna eingöngu þar.

Stuðningur og ráðgjöf vegna uppsagna

Starfshópur á vegum skrifstofu starfsmannamála aðstoðar starfsmenn sem sagt verður upp störfum. Hlutverk starfshópsins er m.a. að skipuleggja stuðning og ráðgjöf sem veitt verður innan stofnunar. Í starfshópnum eru Jóhanna Konráðsdóttir, Oddur Fjalldal, Svava Þorkelsdóttir, Þórdís Ingólfsdóttir og Þórleif Drífa Jónsdóttir.

Í tengslum við starfshópinn er starfandi aðgerðateymi innan skrifstofu starfsmannamála sem skipað er Bjarna Ingvarssyni, Ingunni Guðrúnu Árnadóttur, Magneu B. Jónsdóttur, Sigríði Ástvaldsdóttur, Svövu Þorkelsdóttur og Þórleifu Drífu Jónsdóttur. Hlutverk aðgerðateymis er að vinna með starfshópnum við að sinna stuðningi og ráðgjöf.

Aðstoð sem er í boði:

- Einstaklingsráðgjöf og stuðningur við þá starfsmenn sem sagt verður upp störfum s.s. um réttarstöðu þeirra, gerð starfsferilsskrár, aðstoð við að finna annað starf innan LSH og tengingu við ráðningaskrifstofur. Einnig leiðbeiningar vegna atvinnuleysisráðninga.
- Stuðningur við svið/deildir/eingar á tímum breytinga.

Hægt er að fá ráðgjöf í síma og/eða panta viðtal við starfsmenn skrifstofu starfsmannamála, s. 543 1330: Svava Þorkelsdóttir svavath@landspitali.is og Þórleif Drífa Jónsdóttir drifa@landspitali.is. Nánari upplýsingar á vef skrifstofu starfsmannamála

SKRIFSTOFA STARFSMANNAMÁLA

Á vorönn 2004 verður boðið uppá **Lykil I og almennan hluta Lykils II**.
Umsóknarfrestur rennur út **26. janúar**



Lykilnámskeið

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna undir Lykilnámskeið á heimasíðu skrifstofu starfsmannamála og einnig hjá Magneu B. Jónsdóttur, s. 543 1332, og Þórleifu Drífu Jónsdóttur, s. 543 1328, drifa@landspitali.is

Umsóknareyðublað fyrir námskeiðin er að finna á upplýsingaveitu spítalans undir skrifstofa starfsmannamála - Lykilnámskeið. Umsóknir sendist til Magneu B. Jónsdóttur á skrifstofu starfsmannamála, magneabj@landspitali.is, fax 543 1365.